

112 fjelagaskuldabryfum. Einnig má ávaxta höfuðstólinn í veðdeildarbryfum lands-
8. ágúst banka Íslands svo lengi sem þau njóta að minsta kosti sömu hlunninda sem nú
hjá landsjóði, að því er vaxtagreiðslu snertir. Vextir þeir, sem leggjast við
höfuðstólinn, skulu til bráðabirgða settir á vöxtu í tryggum sparisjóði eða
banka.

Öll verðbryf sjóðsins skulu skráð á nafn gjafasjóðsins og bera áteiknun
stjórnarráðs Íslands um afhendingarbann.

Þessi skipulagsskrá óskast birt í Stjórnartíðindunum og ber að útvega
konungsstaðfesting á henni.

St. í Kristjaníu, 19. apríl 1907.

Hans Ellefsen.

113
26. ágúst

Auglýsing

um

bólusótt í Christiania.

Samkvæmt símskeyti frá utanríkismálastjórninni í Kaupmannahöfn gerir
bólusótt vart við sig til muna í Christiania um þessar mundir. Því auglýsist hjer-
með, að tjeðan bæ ber að skoða sem sýktan af nefndum sjúkdómi. Ákvæðum
laga nr. 34, 6. nóvbr. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til
Íslands, verður því nú beitt, að því er snertir þenna bæ.

Samkvæmt 22. gr. nefndra laga er hjermeð bannað að flytja frá Christinia
brúkað lín, föt og sængurfatnað, dulur, brúkað vatt, hnökraull, pappírsafklippur,
hár, húðir og ávexti.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 25. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.